



Reykjavík 28.apríl 2016

**Til ráðamanna leikskólamála.**

Félag stjórnenda leikskóla vekur enn og aftur athygli á því að í öllum leikskólum þar sem eru 33 börn eða fleiri á að vera aðstoðarleikskólastjóri.

Í 6.grein laga um leikskóla, 10.grein laga um menntun og ráðningu kennara og stjórnenda og í greinum 1.4.2 – 1.4.3. og 1.4.5. í kjarasamningum kemur fram að gert er ráð fyrir að aðstoðarleikskólastjóri sé til staðar.

Í grein 1.4.2. er ekki gert ráð fyrir röðun aðstoðarleikskólastjóra í leikskólum með færri en 33 börn en það kemur ekki í veg fyrir það að víða eru aðstoðarleikskólastjórar í svo litlum skólum.

Í starfslýsingu aðstoðarleikskólastjóra bls. 66 í kjarasamningi kemur fram að hann er ekki eingöngu staðgengill leikskólastjóra heldur hluti af stjórnunarteymi og ber ábyrgð ásamt leikskólastjóra.

**Starfslýsing aðstoðarleikskólastjóra.**

**Næsti yfirmaður:** Leikskólastjóri.

**Starfssvið:** Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.

**Meginverkefni**

**Stjórnun og skipulagning:**

Er aðstoðarmaður leikskólastjóra og ber ásamt honum ábyrgð á rekstri leikskólans.

Er staðgengill í fjarveru leikskólastjóra og starfar þá samkvæmt starfslýsingu hans.

Vinnur ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu uppedisstarfsins.

Heimilt er að aðstoðarleikskólastjóri starfi ekki sem deildarstjóri.

Vinnur ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu uppedisstarfsins og ef hann starfar jafnframt sem deildarstjóri fer hann þá eftir starfslýsingu hans.

**Uppeldi og menntun:**

Ber ásamt leikskólastjóra ábyrgð á að unnið sé eftir aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá leikskólans, að áætlanir þar um séu gerðar og reglulegt mat fari fram.

**Foreldrasamstarf:**

Sér um samskipti og samvinnu við foreldra í samráði við leikskólastjóra.

Situri foreldrafundi, sem haldnir eru á vegum leikskólans.

Félag stjórnenda leikskóla minnir rekstraraðila á mikilvægi þess að í hverjum leikskóla sé teymi stjórnenda og leiðtoga sem tryggir gæði leikskólastarfsins. Sérstaklega er það mikilvægt á meðan svo langur vegur er frá því að lög um að 2/3 hluta starfsfólks við uppeldi og menntun skuli vera leikskólakennrarar séu uppfyllt. Starfsmannahald og starfsmannastjórnun leikskóla er vandasamt verk og til þess að stöðugleiki sé viðunandi verður innra starf að vera undir styrkum höndum fagmanna. Þar sem hlutverk leikskólastjóra hefur breyst mikið undanfarin ár og ábyrgð og skyldur aukist gagnvart stjórnsýslu, foreldrum og samstarfsaðilum gegnir aðstoðarleikskólastjórinn gríðarlega mikilvægu hlutverki m,a, sem leiðtogi innra starfs leikskólans.

FSL hvetur þá rekstraraðila sem ekki uppfylla þá kröfu að aðstoðarleikskólastjóri sé til staðar í leikskólum sem eru með 33 börn eða fleiri að bregðast við og bæta úr.  
Með því aukum við gæði starfsins.

Með vinsemد

Ingibjörg Kristleifsdóttir formaður.